

Stjórnarfundur UÍA fimmtudaginn 13.júní 2019

Mættir eru Gunnar Gunnarsson starfsmaður, Gréta Sóley Arngrímsdóttir sumarstarfsmaður, Benedikt Jónsson, Pálína Margeirsdóttir

- Fundagerð síðasta fundar sem var 20.maí samþykkt samhljóða.
- 50 + mótið er eftir rúman hálfan mánuð og er allt á fullu í undirbúningi. Upp hefur komið spurning um hvort UÍA niðurgreiði keppnisgjöld. Stjórn sammála um að það sé orðið of seint og er einnig sammála um að fólk á þessum aldri eigi að borga sín gjöld sjálft. Spurning hvort við gætum pantað boli og gefið okkar keppendum, væri flott að geta auðkennt okkar fólk, stjórn felur þeim Gassa og Grétu Sóley að kanna bolastöðuna og panta inni stærðir. Grétu Sóley falið að ræða við eldri borgarafélögin á svæðinu og reyna að ná til þeirra. Gassi segir að samkvæmt skráningu séu einungis 11 á svæði UÍA sem hafa skráð sig leiks og það er nú fulllitið og hefur Ómar Bragi sent stjórn hvatningu um að reyna að hvetja fólk af okkar svæði til að taka þátt. Spurning um að skella einni auglýsingu í dagskránnu og taka skurk í facebook auglýsingum. Upp kom hugmynd um að reyna að skella í einu sameiginlega æfingu í hverju sem er fyrir mót t.d væri flott að hafa æfingu á sjálfan 17. Júní í Neskaupstað og ætlar Gréta Sóley að heyra í Þorsteini hjá Þrótti um hvort ekki sé örugglega verið að koma mótinu að. Gunnar Gunnarsson formaður ætlar að heyra í Karli Óttari Péturssyni bæjarstjóra Fjarðabyggð vegna málsins.
- Verkefnin framundan og skýrsla skrifstofu.

50+ sjá umræðu að ofan

Sumarhátíð, ekki hefur gengið vel að fjármagna hátíðina, Gréta Sóley og Gassi eru í skipulagninu um hvaða greinum verður keppt í og hvaða daga hvað verður.

Tour de Ormurinn: Skráning er hafin og eru menn byrjaðir að skrá sig. Gjaldið er þannig að það er ódýrara, menn fá 20% afslátt ef menn skrá sig fyrir 1.júlí gjaldið kemur svo til með að hækka seinustu 3 dagana þ.e frá 7- 10 ágúst. Spurning um að flagga fánanum þegar WOW hjólakeppninn rennir hér í gegn svona ca 27. Júní til að auglýsa okkar keppni.

Launafsbikarinn er komin af stað og allt á réttu róli, úrslit ekki alveg komin á hreint

Gunnar Gunnarsson kom á fundinn 18:00

Auður Vala Gunnarsdóttir kom 18:30

- Önnur mál: Benedikt, Gassi, Auður Vala og Gunnar láta vel af ferðinni til Danmerkur sem þau fóru í. Þau segja ferðina hafa verið mjög góða, góðir fyrirlestrar og góðar hugmyndir, gott hópefli og frábært að UÍA skuli hafa sent fjóra úr stjórn. Auður Vala talar um fræðsluna sem þau fengu varðandi rafíþróttir og eru þau öll sammála um að sú fræðsla hafi verið mjög áhugaverð og eru þau öll uppveðruð yfir þessu og til í að stuðla að því að UÍA sýni stuðning við þetta hér fyrir austan. Umræður urðu um rafíþróttir og hvort menn vilji keppa í þessu á sumarhátíð og hvort skipti þá máli hvaða leiki menn spila, GG segist eiga auðvelt með að

kaupa það að keppa í FIFA en það sé erfiðara að réttlæta drápsleiki og slíkt. Danski/breski gaurinn alveg frábær og vakti menn til umhugsunar um ýmislegt.

Næsti fundur áætlaður 3.júlí 17:30 Fundi slitið 19:45 Fundadagerð ritaði Pálína Margerisdóttir